

Heimsmetabók Guinness – Guinness World Records

Heimsmetabók Guinness þarf varla að kynna. Heimsmetabókin er *fræðirit* um alls konar heimsmet, bæði í náttúrunni og meðal manna. Bókin var fyrst gefin út árið 1955 og kemur út á hverju ári. Heimsmetabók Guinness er ein söluhæsta bók í heimi, gefin út í yfir 100 löndum og þýdd á 25 tungumál, þar á meðal íslensku.

Í Heimsmetabók Guinness er efnisyfirlit fremst sem sýnir um hvaða flokka bókin fjallar. Aftast er síðan *atriðaskrá* í stafrófsröð. Í sumum útgáfunum er líka atriðaskrá eftir metategundum.

Á flestum skólasöfnum eru til heimsmetabækur sem hægt er að lesa og skoða sér til ánægju. Hér eru nokkrar spurningar þar sem þú skalt athuga efnisyfirlit eða atriðaskrá og svara. Mundu að taka fram á hvaða ári metið var slegið.

1. Í Guinness-bókunum er fjallað um afrek fjallgöngumanna. Leitaðu í *atriðaskránni* að hæsta fjalli heims, *Everest*. Hvað hétu fjallagarparnir sem fyrstir klifu það og hvenær gerðu þeir það? Hvað ætli Everest sé margir metrar á hæð? _____

2. Í Guinness-bókunum er alltaf kafli um það nýjasta í vísindum og tækni. Mismunandi er eftir árum hvað ratar í bækurnar og hér þarf að velja ákveðið ár.

2007 Hver er stærsta eldflaug sem hefur verið smíðuð? _____

2008 Hvar mældist hæsti hiti á jörðinni í mestu hitabylgjunni? _____

2009 Í hvaða landi er stærsta farartæki á landi? Hvað er það stórt? _____

2010 Hvar er hæsta bygging í heimi? Hvað er hún há? _____

3. Kvikmyndir eru áhrifamikill miðill og þeim eru gerð ágæt skil í Guinness-bókunum.

2007 Hvaða kvikmyndir hafa fengið flest Óskarsverðlaun? _____

2008 Hvað starf hafa Foley-menn í kvikmyndagerð? _____

2009 Hvar og hvenær var fyrsta kvikmyndaverið reist? _____

2010 Hvaða kvikmyndir eru söluhæstu myndir allra tíma? _____